NÁTTÚRU MINJASAFN ÍSLANDS

Icelandic Museum of Natural History

Brynjólfsgata 5
IS-107 Reykjavík

S./Tel. 577 1800

nmsi@nmsi.is
www.nmsi.is

# Samstarf Náttúruminjasafns Íslands og Háskóla Íslands – pælingar um framtíðina

Dr. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður

Jarðvísindadeild, Háskóli Íslands – kynning á deildarfundi 4. apríl 2017

# Náttúruminjasafn Íslands

- Stofnað 2007 – afsprengi HÍN (130 ára barátta – og er enn í fullu gildi!)
- Er **höfuðsafn**. Starfar skv. lögum nr. 35/2007 og 141/2011.
- **Miðlun** er meginhlutverk Náttúruminjasafnsins:
  - með sýningahaldi, útgáfu og annarri miðlun að varpa ljósi á náttúru landsins, náttúrusögu, náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda og tryggja þannig með starfsemi sinni menningar- og náttúruarf Íslands.
- Helstu verksvið auk miðlunar:
  - söfnum, skráning, varðveisla og rannsóknir á fræðasviði sínu.
- Fjárskortur háð starfseminni frá upphafi.
  - Fjárveitingar verið nær óbreyttar síðan 2007 um 25 m.kr. Safnið ræður hvorki yfir eigin sýningar- né skrifstofuaðstöðu (í Loftskeytastöðinni hjá HÍ og óvíst um aðstöðuna!) og stöðugildin aðeins tvö.
- **En loksins bjart framundan!**
  - Þingsályktun nr. 70/145 + hækkun í ár um ígildi eins stöðugildis

# BJARTARA FRAMUNDAN?



Þingsályktun nr. 70/145 um hvernig minnast skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands árið 2018. Þar er m.a. að finna eftirfarandi:

**„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að í fjármálaáætlun til næstu fimm ára, sem lögð verður fyrir Alþingi vorið 2017, verði gert ráð fyrir uppbyggingu Náttúruminjasafns.“**

Eitt síðasta verk á sl. þingi, flutt af formönnum allra flokka á þinginu, samþykkt samhljóða m. 56 atk., 7 fjarv.

# Samstarf HÍ og NMSÍ –
# ryki dustað af gamalli hugmynd

## Tengsl HÍ og NMSÍ • löng og mikil saga • 1940–????

- Rauður þráður er samstarf ríkis (NMSÍ), Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar.
- Fjölmargar nefndir, lóðir, teikningar og jafnvel fjárfestingarleyfi í 2–3 skipti!
- En ekkert rættist úr – fyrr en 2015 með samningi v. Líffræðistofu um rostungsrannsóknir!




Teikning Gunnlaugs Halldórssonar arkitekts frá 1954 af fyrirhuguðu náttúrugripasafni Háskóla Íslands.
http://aldarafmaeli.hi.is/aratugur/1951-1960

# Samstarf HÍ og NMSÍ – uppbygging á G-blettinum!

**<u>Starfsemi NMSÍ og HÍ verði að hluta til undir sama þaki í nýbyggingu á G-reitnum svokallaða við austurgafl Öskju.</u>**

Á 100 ára afmæli HÍN árið 1989 kynnti menntamálaráðherra áætlanir um að reist yrði hús yfir Náttúrugripasafn Íslands. NNN-nefndin 1989–1990 og samstafshópur 1990–1991. Í framhaldi af því var sett inn á skipulag lóð í Vatnsmýri fyrir byggingu <u>Náttúruhúss</u> sem var hugsað sem safnbygging, aðsetur Náttúrugripasafns og Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN).

J-reitur HÍN 1991
NÁTTÚRUHÚS
7000 m²







G-reitur
HÍ 2015-16
9000 m²

# Samstarf HÍ og NMSÍ þegar fyrir hendi



Próf. Ólafur S. Andrésson stofurstjóri Líffræðistofu H.Í. og Hilmar J. Malmquist safnstjóri, undirrita samstarfssamkomulag um rannsóknir á rostungum. 23. janúar 2015.



Daði Már Kristófersson forseti Félagsvísindasviðs H.Í. (t.v.) og Hilmar J. Malmquist forstöðumaður NMSÍ undirrita samstarfssamkomulag 8. júní 2015.

Auk þessa:

- Rammasamkomulag við Háskólann á Hólum 5. september 2014.
- Verkefnasamkomulag við Fiskeldis- og fiskalíffræðideild Hólaskóla 4. desember 2014. Heiti verkefnis: *Líffræðileg fjölbreytni á Íslandi*.
- Samstarfssamningur við Rorum ehf. 15. janúar 2015.
- Samstarfssamningur við Viðar Hreinsson bókmenntafræðing. Maí 2015. *Rannsóknir á Jóni lærða*.
- Samstarfssamningur við Sigrúnu Helgadóttur rithöfund m.m. Maí 2015. *Ævisöguritun Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings*.

# Þarfalýsing NMSÍ m.t.t. þingsályktunar

- Drögum skilað til MRN í byrjun mars s.l. Er í athugun þar.

  Alls 12–18 ársverk – veltur m.a. samnýtingu starfsfólks við HÍ o.fl.

  Um 4000 $m^2$ – Stofnkostnaður ~2,2 milljarður kr.

  Svipar til fyrri áætlana um rýmisþörf og mannauð.

**1. tafla.** Áætluð húsnæðisþörf vegna uppbyggingar Náttúruminjasafns Íslands.

| Starfsheiti | Fjöldi |
|---|---|
| Forstöðumaður | 1 |
| Upplýsingafulltrúi | 1 |
| Fjármála- og skjalastjóri | 1 |
| Fræðslufulltrúi/ritstjóri | 1 |
| Safnakennsla, leiðsögn | 3 |
| Forvörður | 1 |
| Tæknimaður | 1 |
| Sýningafr./hönnuður | 1 |
| Sérfræðingur (dýrafr.) | 1 |
| Sérfræðingur (grasafr.) | 1 |
| Sérfræðingur (jarðfr.) | 1 |
| Sérfræðingur (landfr.) | 1 |
| Sérfræðingur (vistfr.) | 1 |
| Sérfr. (umhverfissagnfr.) | 1 |
| Gestafræðimenn | 2 |
| **Alls:** | **18** |

**2. tafla.** Áætlun um samsetningu starfsliðs og fjölda starfsmanna við fullbúið Náttúruminjasafn.

| Gerð rýmis | Fermetrar |
|---|---|
| Skrifstofur starfsmanna (alls 18) | 160 |
| Aðstaða Hins íslenska náttúrufræðifélags | 50 |
| Aðstaða gestafræðimanna | 20 |
| Rannsóknaaðstaða | 300 |
| Verkstæði og móttaka | 200 |
| Bóka- og tímaritasafn | 150 |
| Sýningarrými | 1.400 |
| Fyrirlestra- og kennslusalir | 200 |
| Geymslur | 200 |
| Anddyri, verslun, kaffistofa | 300 |
| Gangar, stigar, stoðrými (~35%) | 1.020 |
| **Húsnæðisþörf samtals $m^2$:** | **4.000** |

# Samstarf HÍ og NMSÍ – kostir (og gallar)?

- Tvær pólitískar flugur slegnar í einu höggi:
  - 130 ára gamall vandi NMSÍ og forvera safnsins leystur.
  - Framtíðaraðstaða HÍ til rannsókna og kennslu í náttúruvísindum stórbætt.
- NMSÍ fær sterkan og fjölbreyttan akademískan bakhjarl í náttúru-, umhverfis-, kennslu- og safnafræðum sem er forsenda fyrir faglegri og virkri safna-starfsemi. Öll öflug söfn í Evrópu og Ameríku starfa náið með háskólum.
- HÍ fær öfluga fræðslu- og menntastofnun til liðs við sig sem, auk þess að búa yfir eigin safnkosti og hafa aðgang að safnkosti NÍ, sinnir grundvallarhlutverki í miðlun og uppfræðslu á sviði náttúru og umhverfismála gagnvart almenningi, ferðamönnum og, sér í lagi, skólaæsku landsins.
- Starfsemi NMSÍ á sviði gagnasöfnunar og upplýsingamiðlunar styður við rannsóknir og kennslu í Háskólanum á náttúru Íslands og í safnafræðum.
- Margvísleg samlegðaráhrif:
  - Fjárhagsleg – t.d. stofn- og rekstrarkostnaður (eitt hús í stað tvö).
  - Fagleg – m.a. aukin skörun fagsviða, meiri nýsköpun, meiri deigla.....

# Samstarf HÍ og NMSÍ – framhaldið?

- Jarðvísindadeild fjalli formlega um málefnið (og afgreiði helst með líkum hætti og Líf- og umhverfisvísindadeild, sbr. ályktun deildarinnar frá 3. júní 2015 og stefnu deildarinnar 2017–2021 (bls. 6 og 7) frá 2017).

- Félags- og mannvísindadeild (safnafræðin) fjalli formlega um málefnið.

- Taka málið upp við vinnu að rammaskipulagi Háskólasvæðisins og vinna það til meðferðar í Háskólaráði.

- Setja á fót sem fyrst vinnuhóp/-nefnd með þátttöku Háskóla Íslands, Náttúru-minjasafnsins, HÍN, MRN og Reykjavíkurborgar. Markmið: Undirbúa byggingu HÍ og NMSÍ e.t.v. í tveimur áföngum á G-reitnum sem safninu var færður á 100 ára afmæli HÍN 1989.